

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fiskmati ríkisins er þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá ákvæðum I., II. og III. kafla reglugerðarinnar, þó ekki lengur en í eitt ár frá útgáfudegi reglugerðarinnar að telja. Ennfremur skulu ákvæði VI. kafla reglugerðarinnar ekki taka gildi að því leyti, sem þau brjóta í bága við ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð ferskfisks, er gilda frá 1. janúar til 31. maí 1970, og sé þeim verðákvörðunum ekki sagt upp, til 31. desember 1970, shr. tilkynning Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1970, frá 3. febrúar 1970.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um ferskfiskeftirlit nr. 1 13. janúar 1961, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Smiðjustíg, Bergstaðastræti, Klapparstíg og Lindargötu verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. marz 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um leyfi til sildveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu.

Eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskifélags Íslands og Beitunefndar og samkvæmt reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásildar, hefur ráðuneytið ákveðið að leyfa fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, veiði sildar fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, þrátt fyrir veiðibann samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Þó er óheimilt að veiða meira en 5 þúsund smálestir sildar í þessu skyni meðan veiðibannið varir. Verður auglýst um stöðvun veiðanna, þegar leyfilegu sildarmagni hefur verið landað. Ekki þarf að sækja um sérstök leyfi til þessara veiða. Fiskmati ríkisins hefur verið falið að fylgjast með því, að sild sú sem veiðist, verði öll nýtt til niðursuðu og beitu.

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar skal heimilt að taka sýnishorn úr aflanum.

Athygli skal vakin á því, að lágmarksstærð sildar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. Briem.

31. marz 1970.

Nr. 58.

AUGLÝSING

um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild skv. 13. tl. 3. gr. laga nr. 1 1970, um tollskrá og fleira, til að lækka aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörulýsing	Tollskr.- tollur	EFTA- tollur
39.07.89	Plastumbúðir fyrir skuggamyndir	50%	35%
48.09.00	Byggingarplötur yfir 15 mm að þykkt	20%	
48.21.09	Myndarammar úr pappa	50%	35%
60.04.04	Sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, ef að verðmæti er meira en DM 15 pr. stk., eða jafnvirði þess í annarri mynt ..	35%	25%
62.05.02	Björgunar- og slysavarnartæki	0	
62.05.09	Skóskraut úr taui	10%	
84.40.09	Ýfingarvél fyrir þrjónles	7%	
89.01.21	Björgunarbátar	0	

Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

6. apríl 1970.

Nr. 59

AUGLÝSING

um mat á vinnuvélum til tollverðs.

Þegar verktaki, sem tekið hefur að sér verk fyrir ríkið eða annan opinberan aðila hér á landi, flytur hingað til lands vélar eða tæki, sem nota skal við framkvæmd verksins, skal um mat til tollverðs á vélum og tækjum fara samkvæmt því, sem hér á eftir segir:

1.

Leggja skal til grundvallar eðlisverð (normalverð) hinna tollskyldu muna, eins og það er skilgreint í 5. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1 11. febrúar 1970, sbr. og 6. gr. og 4. mgr. 18. gr. sömu laga.